

Úthlutun listamannalauna: SKIPT ALFARIÐ UM LISTA- MENN Í NEÐRI FLOKKNUM

— poppar-
amir
gleymdust!

Úthlutun listamannalauna fór fram í gær og að þessu sinni hlutu 149 menn listamannalaun. Er það 6 færri en í fyrra. Til ráðstöfunar voru 1.115 þúsund krónur en í fyrra 765 þúsund.

Í efri flokknum eru að þessu sinni 94 og hljóta þeir 10 þúsund krónur hver. Níu manns, sem skipa þann flokk, hafa ekki verið þar áður, þau Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Gréta Sigfúsdóttir, Jónas Guðmundsson, Karen Agnete Þórarinsson, Kristinn Reyrr, Óskar Aðalsteinn, Sveinn Björnsson og Vilborg Dagbjartsdóttir. Í þessum flokki eru fjórir fleiri en í fyrra. Þar sem takmarkað fé var til ráðstöfunar var tekið það ráð að tilnefna ekki til setu í efri flokki, listamenn sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa fasta búsetu erlendis. Þessi regla virkar þó ekki aftur fyrir sig.

Í neðri flokknum eru 40 listamenn en voru 53 í fyrra. Hljóta þeir 5 þúsund krónur hver. Þar sem fækkað var um svo marga sá úthlutunarnefnd sér ekki fært að fara að taka 13 listamenn út, svo þess í stað voru tilnefndir í flokkinn menn, sem ekki voru þar í fyrra. Þá vekur athygli að flokkinn skipar enginn poppari en fyrir nokkrum árum var sett sú regla að einn poppari skyldi skipa neðri flokkinn hverju sinni, hafa meðal annarra átt þar sæti Gunnar Þórðarson, Jóhann G. Jóhannsson og Björgvin Halldórsson.

Í heiðursflokki eiga sæti 15 manns, en voru 12 í fyrra. Hljóta þeir 33.050 krónur hver. Þeim sem var bætt við eru Ólafur Jóhann Sigurðsson, Stefán Íslandi og Svavar Guðnason, en þeir skipuðu efri flokkinn í fyrra.

Í úthlutunarnefnd listamannalauna eiga sæti séra Bolli Gústavsson, formaður, Jón R. Hjálmarsson, fræðslustjóri, ritari, Gunnar Stefánsson bókmenntaráðunautur, Halldór Blöndal alþingismaður, Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri og Sverrir Hólmarsson menntaskólakennari.

-KP.

Árið 1982 hljóta þessir 149 menn listamannalaun:

Áður veitt af Alþingi

33 050 krónur hver:

Ásmundur Sveinsson
Finnur Jónsson
Guðmundur Danielsson
Guðmundur G. Hagalín
Halldór Laxness
Indriði G. Þorsteinsson
Kristmann Guðmundsson
María Markan
Ólafur Jóh. Sigurðsson
Snorri Hjartarson
Stefán Íslandi
Svavar Guðnason
Tómas Guðmundsson
Valur Gíslason
Þorvaldur Skúlason

Veitt af nefndinni: 10.000 krónur hver

Agnar Þórðarson
Alfred Flóki
Atli Heimir Sveinsson
Ágúst Petersen
Ármann Kr. Einarsson

Árni Björnsson
Árni Kristjánsson
Benedikt Gunnarsson
Björn J. Blöndal
Björn Ólafsson
Bragi Ásgeirsson
Bragi Sigurjónsson
Einar Bragi
Einar Hákonarson
Eiríkur Smith
Eyþór Stefánsson
Gísli Halldórsson
Gísli Magnússon
Gísli Sigurðsson
Gréta Sigfúsdóttir
Guðbergur Bergsson
Guðmunda Andrésdóttir
Guðmundur L. Friðfinnsson
Guðmundur Frimann
Guðmundur Jónsson
Guðmundur Ingi Kristjánsson
Guðrún Á. Simonar
Gunnar Dal
Gunnar Eyjólfsson
Gunnar M. Magnúss
Hallgrímur Helgason
Hannes Pétursson
Hannes Sigfússon
Heiðrekur Guðmundsson
Hringur Jóhannesson
Ingimar Erlendur Sigurðsson
Jakobína Sigurðardóttir
Jóhann Briem
Jóhann Hjálmarsson
Jóhannes Geir
Jóhannes Helgi
Jóhannes Jóhannesson
Jón Ásgeirsson
Jón Björnsson
Jón Dan
Jón Helgason
Jón Nordal
Jón Óskar
Jón Þórarinsson
Jón úr Vör
Jónas Árnason
Jónas Guðmundsson
Jórunn Viðar
Karen Agnete Þórarinsson
Karl Kvaran
Kjartan Guðjónsson
Kristinn Reyrr
Kristján Albertsson
Kristján frá Djúpalæk

Leifur Þórarinsson
Manuela Wiesler
Matthias Johannessen
Oddur Björnsson
Ólöf Pálsdóttir
Óskar Aðalsteinn
Pétur Friðrik
Ragnheiður Jónsdóttir
Róbert Arnfinnsson
Rúrik Haraldsson
Rögnvaldur Sigurjónsson
Sigfús Daðason
Sigfús Halldórsson
Sigurður A. Magnússon
Sigurður Sigurðsson
Sigurjón Ólafsson


Skúli Halldórsson
Stefán Hörður Grímsson
Stefán Júlíusson
Steinþór Sigurðsson
Sveinn Björnsson
Sverrir Haraldsson
Thor Vilhjálmsson
Tryggvi Emilsson
Valtýr Pétursson
Veturliði Gunnarsson
Vesteinn Lúðvíksson
Vilborg Dagbjartsdóttir
Þorkell Sigurbjörnsson
Þorsteinn frá Hamri
Þorsteinn Ö. Stephensen
Þóroddur Guðmundsson

Þuríður Pálsdóttir
Örlygur Sigurðsson

5000 krónur hver:

Ágúst Guðmundsson
Ásgeir Jakobsson
Ásgerður Ester Búadóttir
Áskell Másson
Baldur Eiríksson
Benedikt Jónsson
Björn Guðjónsson
Davið Oddsson
Edda Jónsdóttir
Eliás Halldórsson
Erlendur Jónsson
Fjólnir Stefánsson
Fríða Sigurðardóttir
Garðar Cortes
Guðmundur Eliasson
Gunnar Hjaltason
Gylfi Gíslason
Gylfi Gröndal
Halldór Haraldsson
Haraldur Zóphaniasson
Herdis Egilsdóttir
Hreiðar Stefánsson
Jakob Jónsson
Jakob Tryggvason
Jón Reykdal
Kjartan Ragnarsson
Kristinn G. Jóhannsson
Lárus Sveinsson
Magnús Bl. Jóhannsson
Matthea Jónsdóttir
Nína Björk Árnadóttir
Pálmar P. Eyjólfsson
Ragnar Kjartansson
Sigurður K. Árnason
Steingrímur Sigurðsson
Steinunn Sigurðardóttir
Þorbjörg Höskuldadóttir
Þórarinn Eldjárn
Þórir Guðbergsson
Örn Ingi Gíslason

OPIÐ PRÓFKJÖR UM HELGINA




- Tökum þátt í opnu prófkjöri Alþýðuflokksins um helgina.
- Kjósum menn sem við þekkjum og getum treyst.
- Tryggjum Braga Jósepssyni sæti í borgarstjórn Reykjavíkur.
- Veljum baráttumenn sem hafa skoðun.
- Veljum Braga.

Kosningaskrifstofa Braga Jóspeysonar er í Grófinni 1, símar 21203-21204-21205.

Stuðningsmenn.

Skoðið rúmin í rúmgóðri verzlun

OPIÐ TIL KL. 10 Í KVÖLD



„Rúm“-bezta verzlun landsins

INGVAR OG GYLFI

GRENSÁSVEGI 3 108 REYKJAVÍK, SÍMI. 81144 OG 33530.

Sérverzlun með rúm